



Agafarli SMT

1. stigs brot: Brot á skólareglu

Dæmi: Hlaupa niður stigann
Með húfu

Hvernig er tekið á málum

Starfsmaður leysir málið á staðnum, þ.e.a.s minnir á skólareglu og gefur skýr fyrirmæli á jákvæðan hátt t.d. við göngum á ganginum.

Fari nemandi eftir fyrirmælum þá er málið úr sögunni (enginn STOPPmiði, ekki talað við umsjónarkennara).

Fari nemandi ekki eftir fyrirmælum þá verður þetta að 2. stigs broti.

2. stigs brot: Endurtekið brot á sömu skólareglu

Dæmi: Hlaupa niður stigann þrátt fyrir áminningu
Tekur ekki niður húfuna

Hvernig er tekið á málum

Starfsmaður fyllir út stoppmiða og kemur honum í hólf umsjónarkennara.

Umsjónarkennari skilar STOPPmiða á skrifstofu. Nemandi látinn vita að hann fékk STOPPmiða sé þess kostur. Starfsmaður skráir STOPPmiða í MENTOR.

Ef nemandi hefur fengið **5 STOPPmiða** hefur það þær afleiðingar að hann þarf að vinna uppbótarverkefni. Mikilvægt er að nemendur vinni uppbótarverkefni sem fyrst. Foreldrar skulu ávallt upplýstir um þetta, annaðhvort áður en uppbótarverkefnið fer fram eða eftir að það er búið.

Ef nemandi fær **aðra 5 STOPPmiða** hefur það þær afleiðingar að hann vinnur annað uppbótarverkefni og einnig skal boða fund með foreldrum þar sem framhald verður ákveðið. Hafa skal í huga að skoða þarf hvert mál fyrir sig með tilliti til nemandans. Ávallt skal annar starfsmaður sitja fund með umsjónarkennara og foreldrum.

Umsjónarkennari velur viðeigandi afleiðingu eftir eðli brotanna og aldri nemandans. Umsjónarkennari heldur utan um það og kemur því til leiðar. Til dæmis: 5 STOPPmiðar vegna tyggjótökunar. Afleiðing gæti verið að hreinsa tyggjó af stétt fyrir framan skóla. Til dæmis: Nemandi fer ekki eftir fyrirmælum í kennslustund, hefur fengið 5 stoppmiða fyrir það.

Mögulegar afleiðingar fyrir nemanda

Rætt við nemandann á staðnum

Vísað til umsjónarkennara

Vísað til skólastjórnenda

Foreldrar upplýstir

Foreldri sækir skólavist með nemanda

**3. stigs brot: Alvarlegt hegðunarbrot**

Dæmi: Ókurteisi, dónaskapur, óvirðing við starfsfólk
Ofbeldi
Þjófnaður
Skemmdarverk
Vímuefnanotkun (líka tóbak)
-O.fl.

Hvernig er tekið á málinu – næstu skref.

Starfsmaður fyllir út stoppmiða og kemur honum til umsjónarkennara. Umsjónarkennari upplýsir skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra samdægurs.
Skólastjórnendur ákveða framhaldið. Umsjónarkennari/skólastjórnandi hefur samband við heimilið og tilkynnir afleiðingar við 3. stigs brotinu.

Mögulegar afleiðingar fyrir nemanda

Uppbótarverkefni
Forréttindamissir: ferð, frímínútur, o.s.frv.
Hegðunarkerfi heima og í skóla (skólakort – pmt)
Foreldrum boðin ráðgjöf
Foreldri sækir skólavist með nemanda
Annað sem ákveðið verður.

STOPPmiðatímabil

Á hverju skólaári eru 2 STOPPmiðatímabil. Frá skólabyrjun til 31. janúar og 1. febrúar til skólaslita.
Ef nemandi hefur fengið 10 STOPPmiða og tekið hefur verið á málinu samkvæmt agaferli SMT þá byrjar talning stoppmiða upp á nýtt, nema annað sé ákveðið á sameiginlegum fundi með þeim er málið varðar.